



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

39. ÁRG. 1. TBL. Páskar 2018



Það er bjart yfir kirkjunni

Kristur er upprisinn

Gleðilega páska

**Upplýsingar um
dagskrá Seljakirkju
í kyrruviku og um
páska er á baksíðu**

Í dymbilvikunni berst þessi kveðja úr kirkjunni inn á hvert heimili til að minna á þá fjölbreyttu dagskrá sem framundan er. Helgihald í dymbilviku og um páska minnir á boðskap þessa helgu daga, sem kristnir menn um víða veröld minnast. Á páskadegi er svo sigurhátíðin haldin, upprisunni fagnað við sólarupprás þegar sungin verður hátíðarmessa og boðið upp á morgunverðarhlaðborð í

kjölfarið.

Það er enginn boðskapur fremri en sá páskarnir boða, Kristur er upprisinn, sigur lífsins yfir dauðanum.

Á helgum páskum er gleðin því við völd, fögnum hátíðinni í Guðs húsi og látum okkur boðskapinn varða.

Kristur er upprisinn - gleðilega páska.

Ólafur Jóhann Borgþórsson

Menningarvaka eldri borgara - 27. mars

Eins og undanfarin ár hefur síðasti þriðjudagur í mánuði yfir vetrarmánuðina verið með menningarlegu sniði í Seljakirkju. Þá hefur eldri borgurum verið boðið til fjölbreyttrar dagskrár, sem er sambland af tali og tónum. Næsta menningarvaka þessa vetrar verður þriðjudaginn 27. mars. Þá mun **Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni og framkvæmdastjóri eldri borgararáðs**

Reykjavíkúrprófstsdæma flytja erindi og segja frá starfi sínu. Þá mun Breiðfirðingakórinn flytja okkur ljúfa tónlist, en kórinn stendur fyrir tónleikum í Seljakirkju síðar í vor. Að lokinni samveru verður gengið í safnaðarsalinn þar sem neytt verður máltíðar að hætti Lárusar Loftssonar. Síðasta menningarvaka vetrarins verður 24. apríl, þar sem boðið verður upp á veglega dagskrá.

Kirkjureið og guðsþjónusta hestafólks - 13. maí

Allt frá árinu 2000 hefur það verið árlegur viðburður á hverju vori að hestamenn koma ríðandi til guðsþjónustu í Seljakirkju. Að þessu sinni fer kirkjureiðin fram sunnudaginn 13. maí. Safnast verður saman í hesthúsahefingunum í Víðidal, Almennadal, Andvaravöllum, Heimsenda og Gustssvæðinu og ríðið saman til kirkjunnar. Hestunum er komið fyrir í traustu gerði sem sett er

upp á bílastæði kirkjunnar á meðan messan fer fram. Guðsþjónustan hefst kl. 14 og mun hestamaðurinn **Sigurður Kr. Sigurðsson** predika. **Brokk-kórinn, undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar, leiðir söng.** Að lokinni guðsþjónustu verður efnt til messukaffis áður en haldið er aftur heim á leið. Allir eru hjartanlega velkomnir til guðsþjónustunnar, hvort sem fólk kemur á hesti eða ekki.



Við upphaf guðsþjónustu hestafólks á síðasta ári



Fréttir

Barnakórinn

Það hefur verið bjart yfir starfi barnakórsins í vetur. Um 60 stúlkur taka nú þátt í starfi kórsins sem syngur undir styrki stjórn Rósalindar Gísladóttur. Að venju hefur kórinn sungið við barnaguðsþjónustur í kirkjunni í vetur en hefur auk þess komið fram á öldrunarheimilum í hverfinu og víðar. Að venju mun vetrarstarfi kórsins ljúka með vortónleikum sem þessu sinni verða 1. maí n.k. og hefjast kl. 15.

Morgunverður að lokinni guðsþjónustu á páskadagsmorgni

Að venju verður hátíðarguðsþjónusta að morgni páskadags kl. 8. Að lokinni guðsþjónustu mun sóknarnefnd bjóða til morgunverðarhlaðborðs í safnaðarheimili kirkjunnar. Allir eru hjartanlega velkomnir til kirkjunnar að fagna og gleðjast á helgri hátíð.

Vetrarlok barnastarfsins

Eins og venja er fara flestir hefðbundnir þættir safnaðarstarfsins í frí yfir sumarmánuðina. Leikjafjör og unglingstarf KFUM & KFUK er þegar komið í sumarfrí og tekur upp þráðinn þegar skólar byrja í haust. Síðasta barnaguðsþjónusta þessa vetrar verður sunnudaginn 29. apríl. Síðasta samvera foreldramorgna verður 29. maí. Barnakórinn lýkur sínum vetri með árlegum vortónleikum sem verða 1. maí kl. 15.

Seljakirkja á facebook

Á facebook síðu Seljakirkju er uppfærðar allar helstu upplýsingar um það sem framundan er í kirkjunni. Til að fylgjast betur með er tilvalið að setja „like“ á síðuna.



Fréttir

Sumarnámskeið í Seljakirkju

Undanfarin ár hefur verið boðið upp á sumarnámskeið í Seljakirkju, sem eru leikjanámskeið fyrir 6 - 10 ára gömul börn. Vel hefur tekist til með námskeiðin þannig að ákveðið hefur verið að fjölga þeim og bjóða upp á þrjú vikulöng námskeið í sumar. Námskeiðin verð sem hér segir:

11. - 15. júní

18. - 22. júní

13. - 17. ágúst

Dagskráin stendur frá kl. 9 - 16 og er þátttökukostnaður 8.000 kr. fyrir vikuna.

Nánari upplýsingar má fá hjá Steinunni Önnu Baldvinsdóttur, æskulýðsfulltrúa kirkjunnar, sem heldur utan um námskeiðin en netfangið hennar er steinunn@seljakirkja.is. Skráning fer fram á vefnum: seljakirkja.is/sumar

Fermingar 2019

Nú á vormánuðum mun foreldrum barna sem fædd eru árið 2005 og skráð eru í Þjóðkirkjuna, verða send bréf með upplýsingum um skráningar í fermingarfræðslu næsta árs. Þá verður einnig hægt að velja fermingardag, en árið 2019 verður fermt á eftirfarandi dögum:

Sunnud. 7. apríl kl. 10.30 og 13

Pálmasun., 14. apríl kl. 10.30 og 13.

Skírdagur, 18. apríl kl. 13.

Skráningar fara fram á vefnum

seljakirkja.is/ferming.



Safnaðartíðindi Seljasóknar

39. árg. 1. töl. Páskar 2018

Seljakirkja

Hagaseili 40, 109 Reykjavík. s: 567 0110.
Ritstjórn og ábyrgð: Ólafur Jóhann Borgþórsson.

Forsíðumynd: Valgeir Ástráðsson.
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson.

Prentun: Svansprent hf.

Upplag: 3000 eintök.

Aðalfundur Seljasóknar - 6. maí

Aðalsafnaðarfundur Seljasóknar verður haldinn strax að lokinni guðsþjónustu sunnudagsins 6. maí kl. 14. Þá verður farið yfir starf vetrarins, skýrslur ólíkra starfspátta fluttar og horft fram á veginn og hvernig gera megi gott kirkjustarf enn betra. Einnig verður kosið til ýmissa

ábyrðgarstarfa í þágu sóknarinnar og eru áhugasamir um safnaðarstarfið hvattir til þátttöku á fundinum. Einnig má setja sig í samband við formann sóknarnefndar Guðmund Gíslason sem veitir allar nánari upplýsingar.

Uppstigningardagur – dagur eldri borgara - 10. maí

Í mörg ár hefur uppstigningardagur verið tileinkaður eldri borgurum í kirkjum landsins og þeim sérstaklega boðið til guðsþjónustu. Að þessu sinni ber uppstigningardag upp þann 10. maí og verður þá guðsþjónusta í Seljakirkju kl. 14. Sr. Jón Ómar Gunnarsson, prestur í Fella- og Hólakirkju prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Ólafi Jóhanni Borgþórssyni. Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsöng og organisti verður

Tómas Guðni Eggertsson. Að lokinni guðsþjónustu munu konur í Soroptomistaklúbb Bakka og Selja bjóða öllum kirkjugestum í veglegt kaffihlaðborð. Þar verður ljúft samfélag þar sem organistinn mun stýra almennum söng. Að venju verður boðið upp á akstur til kirkjunnar og þarf einungis að hringja í síma 567 0110 til að fá bílfar, bæði til og frá kirkju.

Sumarmessur eru morgunmessur

Eins og mörg undanfarin ár breytist guðsþjónustutíminn í Seljakirkju í sumar. Frá og með 20. maí og fram til loka ágúst mánaðar verða guðsþjónustur í Seljakirkju á

sunnudagsmorgnum kl. 11. Það er ljúft að byrja vikuna í kirkjunni, í bæn fyrir nýrri viku og þökk fyrir allar góðar Guðs gjafir.

Gengið á milli kirkna - samstarfsverkefni Breiðholtssafnaða

Í sumarbyrjun sameinast söfnuðirnir í Breiðholtinu í hinum árlegu göngumessum. Þá er gengið milli kirknanna til sameiginlegrar guðsþjónustu og að messu lokinni er messukaffið orðið ómissandi. Göngumessurnar hefjast sunnudaginn 10. júní, þá verður safnast saman við Seljakirkju kl. 10 og gengið yfir í Fella- og Hólakirkju þar sem messa hefst kl. 11. Sunnudaginn 17. júní verður gengið frá Fella og Hólakirkju

kl. 10 til messu í Breiðholtskirkju. Hringnum verður síðan lokað sunnudaginn 24. júní þegar gengið verður frá Breiðholtskirkju kl. 10 í Seljakirkju þar sem messa hefst kl. 11. Boðið verður upp á rútuferð til baka að upphafsreit að loknu messukaffinu. Göngumessurnar gefa gott tækifæri til þess að hitta vini og kunningja í nágretta kirkjunum og njóta útiverunnar í fallegu umhverfi.

Guðspjónustur í Seljakirkju í kyrruviku og um páska

25. mars

pálmasunnudagur

- kl. 11 Barnaguðspjónusta
Steinnunn Anna og Þórður leiða samveruna.
- kl. 10.30 Fermingarmessa
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
- kl. 13 Fermingarmessa
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.

27. mars

- kl. 18 Menningarvaka eldri borgara
Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni og framkvæmdastjóri eldri borgararáðs
Reykjavíkurprófastsdæma flytur erindi.
Breiðfirðingakórinn syngur.

29. mars

skírdagur

- kl. 10.30 Fermingarmessa
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
- kl. 13 Fermingarmessa
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar

30. mars

föstudagurinn langi

- kl. 11 Guðspjónusta
Píslarsagan lesin - litanían sungin.
Kristján Arason, guðfræðingur, predikar.
Guðspjónustunni verður útvarpað á Rás 1

1. apríl

páskadagur

- kl. 8 Hátíðarguðspjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Árni Daniel Árnason leikur á trompet.
Að lokinni guðspjónustu býður sóknarnefnd til morgunverðar í safnaðarheimili kirkjunnar.
- kl. 11 Guðspjónusta í Skógarbæ
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.

2. apríl

annar páskadagur

- kl. 13 Fermingarmessa
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.

Kór Seljakirkju syngur við guðspjónusturnar.
Organisti er Tómas Guðni Eggertsson.